

Ed.

575. Breytingartillögur

[119. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 8. gr. 2. og 3. mgr. orðist svo:

Nú notar ökumaður ökutækis, sem ætlað er til neyðaraksturs, sérstök hljóð- eða ljósmerki við akstur og skulu aðrir vegfarendur þá víkja úr vegi í tæka tíð. Ökumenn skulu nema staðar ef nauðsyn ber til. Dómsmálaráðherra ákveður hvernig merkjum þessum skuli háttað. Þau má eingöngu nota þegar nauðsyn ber til og er stjórnanda ökutækisins skylt að taka tillit til annarra vegfarenda.

Vélknúið ökutæki, sem í einstakt skipti er notað til aksturs í þjónustu lögreglu, slökkviliðs eða í lífsnauðsyn, svo sem við flutning sjúks manns eða slasaðs, og er greinilega auðkennt að framan með hvíttri veifu, er við þann akstur jafnsett ökutæki sem ætlað er til neyðaraksturs. Stjórnandi ökutækisins skal tilkynna lögreglunni um aksturinn svo fljótt sem auðið er að akstri loknum. Heimildarlaus notkun hvítrar veifu er bönnuð.

2. Við 14. gr. Í stað „1. og 2. mgr. 38. gr.“ í 3. mgr. komi: 1.–5. mgr. 38. gr.

3. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

Ökumaður, sem í þéttbýli nálgast biðstöð, þar sem stór fólksbifreið hefur numið staðar, skal, ef ökumaður hennar hefur gefið merki um að hann ætli að aka af stað, draga úr hraða og, ef nauðsyn ber til, nema staðar þannig að fólksbifreiðin geti ekið frá biðstöðinni. Ökumaður fólksbifreiðarinnar skal eftir sem áður hafa sérstaka aðgát til að draga úr hættu.

Ökumaður, sem nálgast merкта skólabifreið sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út, skal nema staðar áður en komið er að skólabifreiðinni og bíða þar til henni hefur verið ekið frá staðnum. Ökumaður skal hafa sérstaka aðgát þegar ekið er að og frá slíkum stað og aðgæta sérstaklega hvort börn eru á akbrautinni eða á leið út á hana.

4. Við 22. gr. D-liður 1. mgr. orðist svo: umferð hafi forgang gagnvart umferð af hliðarvegi, sbr. 2. mgr. 25. gr.
5. Við 27. gr. Í stað „leggja því þannig“ í 1. mgr. komi: leggja því á þeim stað eða þannig.
6. Við 30. gr. Í stað „stöðvast þannig að“ í fyrri mgr. komi: stöðvast á þannig stað eða svo að.

7. Við 32. gr. Í stað „Ökutæki, sem eigi skulu búin ljósum, skulu“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: Ökutæki, sem eigi skal búin ljósum, skal.
8. Við 37. gr.
 - a. 2. mgr. orðist svo:

Utan þéttbýlis má ökuhraði ekki vera meiri en 80 km á klst., þó 90 km á klst. á vegum með bundnu slitlagi.
 - b. Í stað „90 km“ í 3. mgr. komi: 100 km.
9. Við 38. gr.
 - a. Í stað „80 km“ í 1. mgr. komi: 90 km.
 - b. Í stað „70 km“ í 2 mgr. komi: 80 km.
 - c. Orðið „opinberum“ í 6. mgr. falli niður.
10. Við 40. gr. 1. og 2. mgr. orðist svo:

Barn yngra en 7 ára má eigi hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri.

Eigi má reiða farþega á reiðhjóli. Þó má vanur hjólreiðamaður, sem náð hefur 15 ára aldri, reiða barn yngra en 7 ára, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búin að því stafi eigi hætta af hjólteinunum.
11. Við 72. gr. 1. mgr. orðist svo:

Hver sá, sem situr á bifhjóli eða í hliðarvagni bifhjóls, skal nota hlífðarhjál.
12. Við 84. gr. Í stað „til stjórnunar, viðvörunar eða leiðbeiningar fyrir umferð“ í fyrri mgr. komi: til stjórnunar á eða leiðbeiningar fyrir umferð.
13. Við 85. gr. Orðið „viðvörunar“ í 1. mgr. falli niður.
14. Við 96. gr. Greinin orðist svo:

Dómsmálaráðherra skipar nefnd þriggja manna til að kveða á um hvort beita skuli endurkröfurétti vegna gáleysis eða ásetnings þess sem ábyrgð ber á tjóni sem váttryggingafélag hefur bætt samkvæmt lögum þessum. Skal einn nefndarmaður skipaður eftir tilnefningu váttryggingafélaga þeirra sem viðurkenningu hafa skv. 92. gr., einn eftir tilnefningu landssamtaka bifreiðaeigenda, og einn án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Ef ágreiningur verður milli váttryggingafélaganna eða landsamtakanna um tilnefningu sker dómsmálaráðherra úr. Skipunartími nefndarinnar skal vera þrjú ár.

Dómsmálaráðherra setur reglur um starfsháttu nefndarinnar, þar á meðal um það hvernig váttryggingafélögin senda nefndinni þau gögn sem félögin hafa reist bótakröfur sínar á.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, en váttryggingafélögin skulu endurgreiða þann kostnað eftir reglum sem dómsmálaráðherra setur.
15. Við 99. gr. Við 1. mgr. bætist: Um skipan nefndarinnar fer að öðru leyti eftir ákvæðum 1. mgr. 96. gr.
16. Við 108. gr.
 - a. Fyrri málsl. 1. mgr. orðist svo:

Nú er ökumaður vélknúins ökutækis búsettur erlendis og ökutæki það sem brotið var framið með skráð erlendis, og getur þá lögreglan lagt hald á ökutækið þar til makleg sekt, málskostnaður, gjald vegna stöðvunarbrota, skaðabætur eða iðgjald fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu hefur verið greitt eða trygging fyrir greiðslu sett.
 - b. 3. mgr. orðist svo:

Ákvæði 1. mgr. verður ekki beitt gagnvart ökumönnum sem búsettir eru í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð nema að því er varðar gjald vegna stöðvunarbrota.
17. Við 119. gr. Fyrri mgr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.